



Landsvirkjun

DEILISKIPULAG

fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 í Skriðdal,
Austur-Héraði

Greinargerð

FLJÓTSDALSLÍNUR 3 OG 4

Austur-Héraði

DEILISKIPULAG



LANDMÓTUN®

Gísli Gíslason
Aðalheiður Kristjánsdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	4
1.1 Aðdragandi.....	4
1.2 Afmörkun skipulagssvæðis.....	4
1.3 Samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila	4
1.4 Útgáfa framkvæmdaleyfis	5
2. ÁHRIF LÍNUFRAMKVÆMDA Í SKRIÐDAL	6
2.1 Sjónarmið landeigenda almennt.....	6
2.2 Sjónræn áhrif	6
2.3 Áhrif á nýtingu til skógræktar.....	6
2.4 Önnur áhrif.....	7
2.5 Heildaráhrif.....	7
2.6 Mögulegar mótvægisaðgerðir.....	7
3. LÝSING DEILISKIPULAGS	9
3.1 Fljótsdalslínur 3 og 4	9
3.1.1 Helgunarsvæði línanna.....	9
3.1.2 Tegundir mastra	9
3.2 Breytingar á línunni Hryggstekkur-Stuðlar (Stuðlalínu).....	10
3.3 Ljósleiðari.....	10
3.4 Aðveitustöðin á Hryggstekk.....	11
3.5 Línuvegir	11
3.6 Tilfærsla þjóðvegjar í Skriðdal.....	11
3.7 Námur.....	11
3.8 Mótvægisaðgerðir við línustæðið.....	11
3.8.1 Gróðursetningar við línurnar.....	12
4. HEIMILDIR OG TENGILÆDIR	14

1. INNGANGUR

1.1 Aðdragandi

Í aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 er fjallað um Fljótsdalslínur 3 og 4. Í skipulaginu er sett það skilyrði, að áður en gefið verði út framkvæmdaleyfi vegna Fljótsdalslína 3 og 4 verði unnið deiliskipulag fyrir áhrifasvæði línanna í Skriðdal. Í því sambandi er vísað til bókunar Umhverfisstjórn Austur-Héraðs frá 24.04.2001 þar sem m.a. kemur fram eftirfarandi, sbr. einnig kafla 2.5 í greinargerð aðalskipulags:

.....“Umhverfisstjórn leggur ríka áherslu á að beitt verði öllum tiltækum ráðum við byggingu þessara mannvirkja til að draga úr landskemmdum vegna vegagerðar, efnistöku og annarra beinna inngripa í óspillt land. Gerð verði áætlun um landnotkun og skógrækt í Skriðdal, sem hafi að markmiði að lágmarka tjón landeigenda og um leið að draga úr sjónrænum áhrifum línunnar á landslagsmyndina, miðað við að landið sé komið í fulla nýtingu sem skógræktarsvæði (þ.e. minnka “raflínugötu-áhrifin” eftir föngum). Þessi áætlun verði gerð og samþykkt áður en framkvæmdir hefjast”.

Það deiliskipulag sem hér er sett fram er viðleitni til að mæta framangreindum óskum gerð áætlunar um mótvægisaðgerðir vegna línuframkvæmda í Skriðdal, um leið og uppfyllt eru skilyrði um deiliskipulag framkvæmdanna.

1.2 Afmörkun skipulagssvæðis

Byggðar verða tvær samsíða 420 kV háspennulínur frá aðveitustöð í Fljótsdal að álveri Fjarðaáls að Hrauni í Reyðarfirði. Fljótsdalslína 3 er um 49,3 km að lengd og Fljótsdalslína 4 um 52,9 km. Til þess að fullnægja kröfum um afhendingaröryggi raforku til álvers á Reyðarfirði er nauðsynlegt að byggðar verði tvær háspennulínur. Línurnar munu liggja um þrjú sveitarfélög; Fljótsdalshrepp, Austur-Hérað og Fjarðabyggð. Línurnar fylgja núverandi línu (Kröflulínu 2) eins og unnt er að Hryggstekk í Skriðdal. Þaðan mun Fljótsdalslína 3 liggja um Hallsteinsdal og Fljótsdalslína 4 um Þórudal.

Deiliskipulagssvæðið nær til um 300-400 m breiðs beltis meðfram línunum (línubeltis) í Skriðdal, frá austurhlíð Hallormsstaðaháls að mynni Hallsteinsdals annars vegar og hins vegar að mynni Þórudals í Skriðdal. Deili skipulagið nær yfir línurnar, helgunarsvæði þeirra og línuvegi. Um efnisnámur verð ur fjallað í framkvæmdaleyfisgögnum.

Kortagrunnar eru unnir eftir loftmyndum og hæðarlíkani Ísgraf ehf. og Loftmynda ehf. frá árunum 1998-2000, með 2 m hæðarlínunum.

1.3 Samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila

Haft hefur verið samráð við helstu hagsmunaaðila sem málið varðar.

?? **Austur-Hérað.** Samráð við Þórhall Pálsson umhverfisstjóra Austur-Héraðs vegna skilyrða um deiliskipulagið og aðkomu sveitarfélagsins að málinu.

?? **Landeigendur í Skriðdal** voru heimsóttir í nóvember 2003 og voru fyrirhugaðar framkvæmdir kynntar og farið yfir áhrif á skógræktaráætlanir og hugsanlegar mótvægisaðgerðir, sbr. einnig kafla 2.1.

?? **Héraðsskógar.** Samráð við Loft Jónsson skógfræðing hjá Héraðsskógum vegna áhrifa á skógræktaráætlanir

?? **Vegagerðin á Reyðarfirði.** Samráð við Einar Þorvarðarson umdæmisstjóra Vegagerðarinnar vegna framtíðarlegu þjóðveggar í Skriðdal.

1.4 Útgáfa framkvæmdaleyfis

Samhliða gerð deiliskipulags fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 í Skriðdal er unnið að gerð framkvæmdaleyfisgagna fyrir alla línuleiðina frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar, sem verða lögð fyrir viðkomandi sveitarstjórnir. Í framkvæmdaleyfisgögnum er nánar kveðið á um almenn skilyrði varðandi frágang einstakra mannvirkja og jarðrasks, þ.m.t. efnistökusvæða.

2. ÁHRIF LÍNUFRAMKVÆMDA Í SKRIÐDAL

Ljóst er að sjónræn áhrif Fljótsdalslína 3 og 4 verða mikil þar sem þær þvera Skriðdal. Miklu skiptir frá hvaða sjónarhorni er horft á línumannvirki. Áhrifin verða mest næst turnum og línunum og þar sem alfaraleiðir liggja þvert á línur í löndum Eyrarteigs og Mýra. Þar skiptir nálægð við turna miklu máli um það hvernig menn upplifa línurnar miðað við umhverfið. Þá hafa línuframkvæmdir einnig áhrif á skógræktaráætlanir á 4 jörðum.

2.1 Sjónarmið landeigenda almennt

Í viðræðum við landeigendur í Skriðdal í nóvember 2003 komu m.a. fram eftirfarandi athugasemdir varðandi áhrif línanna:

- Línur munu breyta ásýnd dalsins í heild.
- Línur skerða framtíðarmöguleika á nýtingu jarðanna, s.s. varðandi uppbyggingu frístundabyggðar.
- Línur hafa neikvæð áhrif á núverandi og farhugaðar skógræktaráætlanir.
- Jaðaráhrif á skógrækt aukast sem hefur neikvæð áhrif á vöxt skógarins.
- Vindálag á skógræktarsvæði eykst á jaðarsvæðum við línur.
- Línur verða mjög áberandi, einkum á þeim bæjum sem verða næst línunum.
- Búseta á Eyrarteig verður óásættanleg vegna nálægðar við línur.
- Bæði Hallsteinsdalur og Þórudalur verða skertir verulega sem útivistarsvæði.
- Gæta þarf þess að spilla ekki vatnsbólum Lynghóls í námunda við línustæðið.
- Hagkvæmt er að fá línuveg upp á Hallormsstaðaháls í land Lynghóls vegna fjallskila.

2.2 Sjónræn áhrif

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 kemur fram að sjónræn áhrif er sá þáttur sem hefur mest áhrif á landslagsmyndina.

Séð úr fjarlægð skiptir miklu máli sjónrænt séð hvernig línumannvirki falla inn í landslag. Í nálægð er það staðsetning turna og útfærsla þeirra sem skiptir mestu máli. Í minna en 300 m fjarlægð eru það turnarnir sem verða mest áberandi en með aukinni fjarlægð minnka áhrifin og heildar myndin af umhverfinu fer að skipta meira máli.

2.3 Áhrif á nýtingu til skógræktar

Það skógræktarland sem er á helgunarsvæði línu (125,5 m) verður ekki nýtt áfram á sama hátt og fyrirhugað er skv. fyrirbyggjandi skógræktaráætlunum. Gera verður ráðstafanir til þess að fjarlægja plöntur úr þegar fullplöntuðum svæðum, eftir að þær hafa náð ákveðinni hæð. Jaðrar skógræktarsvæða verða lengri og vindáhrif verða meiri. Mismunandi er hversu langt inn í skóginn jaðaráhrif á vöxt skógarins munu ná.

Línustæðið verður jaðarsvæði sem má nýta til mótvægis aðgerða þar sem leitast verður við að milda gangaáhrif línunnar og um leið dempa vindáhrif á aðbyggjandi skógræktarsvæði með fjölbreyttri gróðursetningu á þessu belt. Að einhverju leyti má einnig nýta þetta svæði til ræktunar jólatrjáa og/eða uppeldis á trjá- og runnagróðri, þannig að nýtingarmöguleikar svæðisins eru nokkrir.

Í eftirfarandi töflu má sjá stærð skógræktarsvæða á umræddum jörðum, og flatarmál helgunarsvæðis eða línugötu við Fljótsdalslínur 3 og 4, sem fær á sig ofangreinda kvöð um skógrækt.

Í eftirfarandi töflu má sjá stærð skógræktarsvæða á umræddum jörðum eins og samið hefur verið um við Héraðsskóga og flatarmál helgunarsvæðis eða línugötu við Fljótsdalslínur 3 og 4. Þá er í töflunni það svæði sem lagt er til að trjárækt verði eftir að línurnar verða reistar.

Bæir	Skerðing skógræktarsvæða í ha. vegna lína	Trjárækt vegna framkvæmda við línu
Mýrar	21 ha	5 ha
Eyrarteigur	12.5 ha	4 ha
Hryggstekkur	9.7 ha	1.6 ha
Arnhólsstaðir	4 ha	

2.4 Önnur áhrif

Við ákveðin veðurfarsleg skilyrði getur verið vindgnauð frá háspennulínunum, auk suðs af rafrænum uppruna, sem einnig er háð veðri (gætir helst í votviðri). Talið er að hávaði frá línunum verði hverfandi utan byggingarbannssvæðis, þ.e. þegar komið er í 60-65 m fjarlægð frá línunum.

Talið er að áhrif rafsegulsviðs og segulsviðs sé hverfandi utan byggingarbannssvæðis línanna.

Á framkvæmdatíma geta orðið ýmiss konar tímabundin áhrif. Þar má nefna hávaða frá vinnuvélum og umferð við bæjarhlöð.

2.5 Heildaráhrif

Mest áhrif verða vegna línanna í landi Eyrarteigs. Þar verða áhrif töl uverð þar sem íbúðarhúsið verður í 145 m fjarlægð frá línunum og í um 200 og 300 m fjarlægð frá næstu turnum. Auk þess er aðveitustöðin sunnan Eyrarteigsár í um 600 m fjarlægð frá íbúðarhúsinu, þar sem allar línur mætast. Þá hafa línurnar áhrif á skógræktaráætlun fyrir jörðina frá þjóðvegi niður að Grímsá, en þegar hefur verið plantað töluvert í svæðið.

Einnig verða töluvert áhrif á jörðunum Mýrum, Lynghól, Hryggstekk og Arnhólsstöðum þar sem bæir eru á bilinu 540-1.000 m fjarlægð frá línumannvirkjum. Línurnar fara að hluta til yfir svæði sem nú þegar hefur verið ráðstafað til skógræktar skv. gildandi skógræktaráætlunum. Skógræktaráætlanirnar eru þinglýstur samningur fyrir jarðirnar, sem gerður er á milli Héraðsskóga og viðkomandi landeiganda.

Sjónrænna áhrifa frá línunum gætir í minna mæli frá öðrum bæjum í Skriðdal.

2.6 Mögulegar mótvægisaðgerðir

Unnt er með ýmsum hætti að draga úr sjónrænum áhrifum líkananna og þeirri mannvirkjagerð sem þeim fylgir. Áhrif línanna verða mest fyrstu árin, en eftir því sem árin líða mun trjágróður í dalnum draga úr sýn til þeirra verði um umfangsmikla ræktun trjágróðurs í dalnum að ræða. Auk þess munu línurnar mattast við veðrun og endurkasta minna sólarljósi.

Þær aðferðir sem eru mögulegar til þess að draga úr sjónrænum áhrifum eru eftirfarandi:

- a. **Trjágróður undir línunum.** Unnt er að rækta skóg að vissu marki á helgunarsvæði línanna. Á helgunarsvæðinu geta verið trjáplöntur allt að 3.4 m háar.

Möguleikar á að draga úr sjónrænum áhrifum eru afar takmarkaðir undir sjálfum línunum. Þó skiptir gróður máli næst mannvirkjum þó lágvaxinn sé, einkum vegna næráhrifa við turna. Í [kafla 3.8.1a](#) er lýst gróðursetningu við turna.

- b. **Óreglulegur skógarjaðar meðfram línunum.** Ef skógarjaðar er bein lína með einsleitum trjátegundum samsíða háspennulínunum getur hann magnað upp sjónræn áhrif þeirra. Með því að hafa skógarjaðar óreglulegan með blönduðu tegundavali næst línunum og jafnvel undir þeim að hluta er hægt að dempa sjónræn áhrif línanna.

Í [kafla 3.8.1b](#) er lýst gróðursetningu á jaðarsvæðum línanna.

- c. **Gróðurskermur með vegum og við bæi til að hindra útsýni.** Unnt er að draga úr sýn til lína með því að planta hávöxnum trjáplöntum nálægt útsýnisstað. Mest áhrif af þessari aðferð yrðu innan 50 m fjarlægðar frá útsýnisstað, s.s. við vegi eða bæi. Sá galli er hins vegar á þess ari aðferð að skógur mun einnig skyggja á útsýni almennt, s.s. fjalla sýn.

Nú þegar hefur verið plantað töluvert meðfram vegum í Skriðdal í samræmi við skógræktaráætlanir. Með þjóðvegum má almennt ekki planta í helgunarsvæði vega sem nær 30 m frá miðlínu vegarins.

- d. **Landmótun í námunda við línur og staðsetning línuturna.** Mögulegt er að draga úr áhrifum lína með því að móta nágrenni með því að byggja upp hæðarhryggi /manir þar sem einnig verður plantað trjágróðri.

Þessi aðferð getur hins vegar verið kostnaðarsöm og jafnvel framandi í landinu og er ekki mælt með henni í Skriðdal. Með því að staðsetja línuturna með tilliti til nálæggra hæða og hóla er unnt að draga úr því að línu - mannvirki beri við himinn. Því hefur þetta sjónarmið verið haft í huga við endurskoðun á staðsetningu turna í Skriðdal.

3. LÝSING DEILISKIPULAGS


3.1 Fljótsdalslínur 3 og 4

Línurnar munu liggja samsíða niður Hallormsstaðaháls, við hlið Kröflulínu 2, að aðveitustöð við Hryggstekk. Þaðan mun Fljótsdalslína 3 liggja um Hallsteinsdal og Fljótsdalslína 4 um Þórudal. Til þess að draga úr sjónrænum áhrifum verða turnar í Fljótsdalslínunum 3 og 4 látnir standast á þar sem línurnar eru samsíða.

3.1.1 Helgunarsvæði línanna

Samkvæmt íslenska viðaukanum (NNA) með staðlinum ÍS EN 50341-1:2001, töflu 5.4.4, má gróður undir 420 kV línunum ekki verða hærrí en 3.4 m. Þar sem Fljótsdalslínur 3 og 4 liggja samsíða er byggingarbannssvæði þeirra samtals 125.5 m og þar sem þær eru aðskildar er bannsvæðið 65.5 m fyrir hvora línu, sbr. mynd að neðan.

Við staðsetningu mastra er þess gætt að þau trufli ekki framtíðarlegu þjóðvegur um Skriðdal eins og hann er sýndur á skipulagsupprætti.





Helgunarsvæði lína. Myndin sýnir hæstu möstur í Fljótsdalslínunum 3 og 4

3.1.2 Tegundir mastra

Línurnar verða að mestu gerðar úr stöguðum stálgrindarmöstrum sem bera uppi leiðarana. Hæð mastra er á bilinu 20 – 37 m og með 25.5 m langri þverslá. Fætur þeirra standa á steypum undirstöð um og leiðarar hanga á stálgrindarslá (brú) í um 4 m löngum einangrunarkeðjum.

Möstrin á skipulagssvæðinu eru annars vegar stöguð burðarmöstur, svokölluð V-möstur, og hins vegar stöguð horn- og fastmöstur, þ.e. þrjár stagaðar súlur, eins og sýnt er á mynd að neðan og sem einnig er auðkennt á skipulagsupprætti. Hornmöstur við Hryggstekk verða þriggja súlna horn af annarri gerð en sýnt er á meðfylgjandi teikningu.

**V-möstur****Stöguð horn- og fastmastur**

3.2 Breytingar á línunni Hryggstekkur-Stuðlar (Stuðlalínu)

Línan Hryggstekkur-Stuðlar, 66 kV, liggur frá aðveitustöðinni við Hryggstekki, um Hallsteinsdal og Áreyjadal að Stuðlum við Reyðarfjörð. Þetta er tréstaurlína, sem reist var um 1976. Línan verður tekin niður og lögð í jarðstreng frá aðveitustöðinni við Hryggstekki, um Hallsteinsdal að Stuðlum á Reyðarfirði. Lega jarðstrengsins verður í grennd við núverandi línuveg. Sjáanlegur búnaður við jarðstrengsenda við Hryggstekki verður allur innan aðveitustöðvarinnar.

Gera þarf nokkrar breytingar á dreifikerfi Rarik við Hryggstekki, einkum að leggja í jörð álmu að Eyrarteig og dreifilínu þvert yfir dalinn.

3.3 Ljósleiðari

Ljósleiðari verður lagður meðfram Fljótsdalslínunum 3 og 4 úr Fljótsdal til Reyðar-fjarðar. Yfir Hallormsstaðaháls og að Hryggstekki verður ljósleiðarinn grafinn í jörð meðfram línuvegi, en frá Hryggstekki að Stuðlum á Reyðarfirði verður hann lagður með háspennujarðstreng (Stuðlalínu) um Hallsteinsdal.

Lega línuvega er ónákvæm á skipulagsupprætti og verður ákveðin nánar í samráði við viðkomandi landeigendur. Sama gildir því um legu ljósleiðara.

3.4 Aðveitustöðin á Hryggstekki

Aðveitustöðin stendur á um 70 m x 100 m malarplani, sem gert hefur verið í nokkrum halla, rúmum 300 m ofan þjóðvegur og um 200 m sunnan við gil Eyrarteigsár. Umhverfis aðveitustöð er öryggisgirðing og nokkru utar ytri girðing. Aðkomuvegur liggur frá þjóðvegi að litlu húsi sem er í norðausturhorni lóðar aðveitustöðvarinnar.

Þrjár 132 kV loftlínur tengjast aðveitustöðinni auk línunna Hryggstekkur-Stuðlar sem áformað er að leggja í jörð. Teigarhornslína 1 liggur til suðurs, Kröflulína 2 til vesturs yfir Hallormstaðarháls og línan Hryggstekkur-Eyvindará til norðurs. Síðast talda línan er í eigu Rarik en hinar eru í eigu Landsvirkju nar. Fljótsdalslínur 3 og 4 hafa ekki viðkomu í aðveitustöðinni og kalla ekki á breytingar á því.

3.5 Línuvegir

Vegna byggingu línanna er nauðsynlegt að leggja línuvegi sem notaðir verða vegna efnisflutninga og til aðkomu að línunum á rekstartíma. Línuvegir verða víða lagðir á svipuðum stað og núverandi ökuslóðir meðfram Kröflulínu 2 og Teigarhornslínu 1, en gera þarf miklar lagfæringar á þeim, enda er víða einungis um hjólför eða rudda slóð að ræða. Allir helstu línuvegir eru sýndir í grófum dráttum á skipulagsupprætti, en lega þeirra verður nánar útfærð í samráði við landeigendur. Um línuvegi gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Í vegi ofan skógarmarka verði notað efni sem er með lítið líparítinnihald til þess að forðast að þeir verði of áberandi.
- Vegir ofan skógarmarka (ofan 250-300 m) verða græddir upp þannig að þeir falli betur inn í umhverfið.
- Nákvæm staðsetning línuvega verður í samráði við viðkomandi landeigendur.

3.6 Tilfærsla þjóðvegur í Skriðdal

Samkvæmt aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 er áformað að breyta legu þjóðvegur um Skriðdal milli Litla-Sandfells og Hallbjarnarstaða. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði færður niður fyrir bæina Eyrarteig, Hryggstekki og Arnholstaði og ný brúarstæði verði á Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku, sbr. einnig greinargerð aðalskipulags, kafla 3.5.10.

Staðsetning mastra Fljótsdalslína 3 og 4 tekur mið af staðsetningu vegarins eins og hann er sýndur í aðalskipulagi Austur-Héraðs. Fyrirhugaður vegur er auðkenndur til skýringar á deiliskipulagsupprætti.

3.7 Námur

Námur vegna fyllingarefnis í slóðann upp í Hallormsstaðaháls verður væntanlega sótt í Mýrareyri austan Grímsár. Efni til slóðagerðar í Hallsteinsdal og Þórudal verður væntanlega tekið úr á lítt grónum áreyrum Eyrarteigsár (Eyrarteigsaur) og Þórisár (Þórisaur) austan Grímsár. Námur og frágangur á þeim verða að öðru leyti skilgreindar í tengslum við útgáfu fram kvæmdaleyfis.

3.8 Mótvegisaðgerðir við línustæðið

Eins og fyrr er sagt má trjágróður undir 420 kV háspennulínu ekki verða hærri en 3.4 m. Nú þegar er að stórum hluta plantað í svæðin undir Fljótsdalslínunum 3 og 4 í landi Eyrarteigs og Mýra. Rekstraraðili þarf að gera ráðstafanir til að fjarlægja og/eða fella þann trjágróður á rekstartímanum til að uppfylla kröfur í íslenska viðaukanum (NNA) með staðlinum ÍS EN 50341-1:2001, töflu 5.4.4.

Af þessu leiðir að ekki er hægt að reikna með að trén ná fullri hæð og því verður geil í skóginn þar sem línurnar liggja, og er þessi geil eða línugata hér kölluð línugöng.

3.8.1 Gróðursetningar við línurnar

Landeiganda er heimilt að nýta land á helgunarsvæði línanna til ræktunar sé þess gætt að hæð trjágróðurs fari ekki yfir 3.4 m. Þar má t.d. leggja stund á ræktun jólatrjáa eða hafa uppeldissvæði fyrir önnur lágvaxin tré og runna gróður. Við línur og mannvirki tengd þeim er kvöð um ræktun trjágróðurs á ákveðnum svæðum til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja. Framkvæmdaaðili kostar ræktun á reitunum skv. sérstöku samkomulagi sem gert verður við landeigendur. Ræktunarsvæðin eru þessi:

Landeiganda er heimilt að nýta land á helgunarsvæði línanna til ræktunar sé þess gætt að hæð trjágróðurs fari ekki yfir 3.4 m. Þar má t.d. leggja stund á ræktun jólatrjáa eða hafa uppeldissvæði fyrir önnur lágvaxin tré og runna gróður. Við línur og mannvirki tengd þeim er lögð til ræktun trjágróðurs á ákveðnum svæðum til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja. Ræktunarsvæðin eru þessi:

- A. Gróðursetning við turna.** Á um 1 ha reitum við turna í landi Mýra og Eyr-arteigs verði gróðursettur runnagróður sem ekki verður felldur. Þar er gert ráð fyrir því að gróðursettar verði harðgerðar runnategundir (s.s. loðvíðir, gulvíðir, sitkaelri og aðrar tegundir) sem ekki koma til með að verða hærrí en 3.4 m. Þetta er einungis gert til þess að draga úr sjónrænum áhrifum við möstur og hugsanlega hafa áhrif á vind og jaðar áhrif á skóginn við línugöngin. Reitirnir eru auðkenndir sérstaklega á skipulagsupprætti (A). Dæmi um skipulag trjáræktar á umræddum reitum kemur fram á skýringarmynd og í töflu. Á jöðrum gróðursetningareita verði plantað á um 4 m breiðu beltum skógarjaðarstegundum til að auka fjölbreytni og mynda náttúrulegri skógarjaðar.
- B. Gróðursetning við jaðar línuganga.** Einnig er gert ráð fyrir um 0.5 ha svæðum í jaðri línuganga í nálægð við turna verði gróðursettur hærrí trjágróður sem ekki verður felldur. Þetta er gert til þess að skerma ásýnd að möstrum og tryggja að gróðurbelti standi eftir í nálægð við möstur þegar skógur á skógræktarsvæðum verður felldur. Leitast verði við að mynda óreglulegan skógarjaðar meðfram línunum til þess að minnka áhrif línuganganna. Svæðin eru auðkennd sérstaklega á skipulagsupprætti (B). Dæmi um skipulag trjáræktar á umræddum reitum kemur fram á skýringarmynd og í töflu á bls. 13 og 14. Á jöðrum gróðursetningarreita verði plantað á um 4 m breiðu beltum "skógarjaðarstegunum" til að auka fjölbreytni og mynda náttúrulegri skógarjaðar.
- C. Gróðursetning í tengslum við aðveitustöðina á Hryggstekk.** Á um 2 ha svæði vestan við aðveitustöðina á Hryggstekk er gert ráð fyrir ræktun trjágróðurs til að skerma af ásýnd aðveitustöðvarinnar og línanna séð frá þjóðvegi. Svæðið er auðkennt á skipulagsupprætti.

Gróðursetning í svæði A og B

	Mólandi og nýgræður á þurrlendi	Vallendi/ graslandi	Áreyrar
A	Sitkaelri/ grænelri	Sitkaelri/ grænelri	Sitkaelri/ grænelri
	Loðvíðir uppréttir klónar/kvæmi	Loðvíðir uppréttir klónar/kvæmi	Loðvíðir uppréttir klónar/kvæmi
	Gulvíðir uppréttir klónar/kvæmi	Gulvíðir uppréttir klónar/kvæmi	Gulvíðir uppréttir klónar/kvæmi
	Fjallafura		
	Fjallarós og þyrnirós*	Fjallarós og þyrnirós*	
	Maríuskór		Hafþyrnir Maríuskór
	Hvítsmári		Hvítsmári & rauðsmári
B	Lerki	Lerki	Lerki
	Stafafura	Stafafura	Stafafura
	Lindifura*	Lindifura*	
	Birki	Birki	Birki
	Reyniviður*	Reyniviður*	Reyniviður*
		Gráelri*	Gráelri*
		Blæösp	Blæösp
		Alaskaösp	Alaskaösp
		Blágreni og hvítgrenibastarður	
	Fjallarós og þyrnirós*	Fjallarós og þyrnirós*	
Maríuskór		Maríuskór	
Hvítsmári		Hvítsmári & rauðsmári	

4. HEIMILDIR OG TENGLIÐIR

Austur-Hérað 2002:	Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017, staðfest af ráðherra 10. júlí 2002.
Landsvirkjun 2002.	Sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, staðfest af umhverfisráðherra í apríl 2001.
Landsvirkjun 2002:	Sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun. Greinargerð og uppdrættir, staðfest 15. ágúst 2002.
Landsvirkjun 2003: Sveitarfélög á Héraði 2001:	Fljótsdalslínur 3 og 4, - verkhönnun. Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010. Staðfest 31. ágúst 2001.

Eftirfarandi aðilar auk, Landsvirkjunar, veittu upplýsingar og/eða lögðu til uppdrætti varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir tengdar Fljótsdalslínunum 3 og 4:

- Austur-Hérað.
- Hönnun hf.
- Landeigendur í Skriðdal.
- Línuhönnun hf.
- Héraðsskógar.
- Vegagerðin á Reyðarfirði.